

21/1 "57

Skógarvörðurinn á Austurlandi.

STARFSSKÝRSLA FÝRIR ÁRID 1956.

Sigurður Blöndal.

Starfsskýrsla skógarvarðarins á Austurlandi fyrir árið 1956.
+++++

I. Inngangur.

1. Veðurfar.

Veðurathuganamaðurinn á Hallormsstað, Páll Guttormsson, gefur eftirfarandi yfirlit yfir veðrattuna hér 1956:

I janúarmánuði var frost í 22 daga. En eftir 26. janúar var þíðvirði, er hélt allan febrúarmánuð. Til marks um hitann var það, að 15. febrúar byrjuðu að koma humlar á viði. I fyrstu vikunni af marz voru nokkur frost, en svo komu aftur heitir suð- og suðvestlægir vindar. 27. og 28. marz komst hitinn í 14,4 og 15,0 stig. Hinn 3. apríl kólnaði, og var hitastigið í þeim mánuði fyrir neðan meðallag. Aðfaranott 10. apríl var 8,5 stiga frost. Úrkoma í þeim mánuði var liðlega helmingur af meðallagi.

Um miðjan maí kom mikið hvassviðri af norðri með frosti, sem seinkaði fyrir gróðri. I júní var hitastigið 1,0 stgi fyrr neðan meðallagi. Úrkoma í maí var hins vegar yfir meðallagi. Víku af júlí hlýnaði í veðri og voru hlýindi í hálfan mánuð. Var þá oftast hægviðri, en annað slagið heitar fjallagolur. Er víka var eftir af mánuðinum, kólnaði í veðri og héldust kuldar út ágústmánuð. I ágúst var suð- og suðvestlæg átt í aðeins 4 daga. Úrkoma í þeim mánuði var ákaflega lítil. Aðfaranætur 28. og 29. ágúst komu frostnætur.

I byrjun september hlýnaði og varð hitastig í þeim mánuði nokkuð yfir meðallagi. Miðað við árstíma, fór hitastigið hækkandi eftir lok september fram að áramótum. I desember varð úrkoma yfir helmingi meiri en í meðallagi. Úrkoman í desember var að langmestu leytti regn, og bar sem skógarjörð var að kalla frostlaus, ætti sú úrkoma að koma jörðinni að gagni næsta sumar.

Sumarmánuðina júní-september varð meðalhitinn 0,7 stigum undir meðallagi, vormánuðina apríl og maí í góðu meðallagi, en flesta vetrarmánuðina mikið yfir meðallagi.

Tafla I á bls. 2 greinir frá hita-, úrkому- og sólskinsmælingum á Hallormsstað 1956. Ennfremur er þar reiknaður út fjöldi vaxtareiningar eftir töflu professors Mørks fyrir mánuðina júní, júlí og ágúst. Sú tala er mjög lág á þessu sumri, og veldur auðvitað mestu, hve ágústmánuður var kaldur.

Dagar á árinu með 20 stiga hámarkshita og meira urður 8, og var það á tímabilinu frá 26. maí til 17. september.

Lægsta hitastig á árinu varð 25. janúar, + 18,2 stig.

Hæsta hitastig á árinu varð 20. júlí 23,8 stig.

Síðasta vorfrost mældist í mælastíli 15. júní, + 1,0 stig.

Fyrsta haustfrost mældist í mælastíli 28. ágúst, 2,5 stig.

Pess skal getið, meðaltöl þau yfir hitastig og úrkому, sem vik eru reiknuð frá í töflu I, eru fyrir árin 1941 - 1955, að báðum árum meðtöldum.

Tafla I. Hita-, úrkoma- og sólskinsmælingar á Hallormsstað 1956.

Mán- uður	Hitastig °C Meðal- tal	Vik frá meðal- lagi	Úrkoma mm Sam- tals	Vik frá meðal- lagi	Alls klst.	S ó l s k i n Mest á dag Mín. dags.	Fjöldi sólsk.	Fjöldi vaxtar- eins- daga	Fjöldi Morks
Jan.	-3,9	-2,8	73,0	-50,1	3,6	153	30.	2	
Febr.	2,6	+3,0	54,4	-17,7	22,1	244	25.	15	
Marz	3,0	+3,0	85,5	+52,7	78,7	528	28.	21	
Apr.	1,2	0,0	20,2	-19,1	85,6	740	30.	23	
Maí	6,5	+0,8	43,4	+23,4	124,3	903	18.	15	
Júní	8,0	-1,0	23,5	-1,9	163,3	857	15.	22	45,67
Júlí	10,6	-0,7	28,4	-13,8	136,1	863	14.	16	67,84
Ag.	8,4	-1,8	10,4	-32,5	124,6	745	16.	18	47,65
Sept.	8,2	+0,8	47,8	-8,9	101,1	696	3.	17	
Okt.	4,7	+0,7	24,8	-40,6	61,2	414	2.	25	
Nóv.	4,9	+3,6	91,7	+4,5	10,3	221	1.	5	
Des.	1,9	+2,5	186,7	+104,6	-	-	-	-	
Alls			689,8	+1,0	910,9			179	161,16
Júní Sept.	8,8	-0,7							

2. Vöxtur og brif trjágróðurins.

Birkiskóðurinn taldist allauftgaður 1. júní, lauf tók að falla um 25. september og var að mestu fallið 6. október.

Blóm á lerki byrjuðu að sprunga út hitadagana 27. og 28. marz, og nokkrum dögum seinna opnuðust brum á lerkinu, svo að nálaendarnir komu í ljós. Þannig stóð lerkið fram í maí.

Bví miður fór svo, að kuldarnir í apríl eyðilögðu lerkiblömin, og það, sem kannski hefði lifað af apríl, mun hafa frosið í norðanveðrinu um miðjan maí. Urðu bví engir könglar á lerki, en ef vorveðrattan hefði verið hagstæð, hefði geysimikið örðið af könglum á lerki, hvernig svo sem til hefði tekið með fræbroska.

Vöxtur einstakra trjátegunda varð mjög misjafn. Langmestur varð hann á koncrtafuru, en bar varð meðalársprotinn liðlega 50 cm í lundinum á Atlavíkurstekk, og lengsti árproti varð 78 cm langur, og bað á mjög litlu tré.

Skógarfura óx einnig ágætlega, ef ekki er tekið tillit til hinnar miklu plágu, sem furubarrlúsin er á þessari tegund hér í skóginum.

Mjög góðan vöxtur var einnig á eldra rauðgreni og blágreni, en

hins vegar mjög lítill á sitkagreni, og er lítill vafi á, að hálfss annars árs úrkumuleysi á meginþáttinn í því.

Lerkíð í Guttormslundi óx minna en árið áður og enn fremur eldra lerkíð. Birki óx einnig minna en í fyrra.

Frotnæturnar 28. og 29. ágúst ollu allmiklu kali á toppum í græðireitnum.

Mjög miklir könglar voru á blágreni, rauðgreni, broddfur og elztu trjám af fjallaþin og dálitið kontortafuru. En því miður er ekki hægt að gera sér vonir um að proskað fræ verði, nema af broddfuru. Ef ágústmánuður hefði orðið særilega hlýr, má búast við, að proskað fræ hefði fengið af greninu.

Nokurt fræ var á birki, en þó ekki svo mikið, að þætti ~~XXXX~~ svara kostnaði að tína, nema lítið magn af því.

Reyniviður bar hins vegar mjög mikið fræ, og var það eins og að undanförnu tínt mest í garðinum á Hrafnkelsstöðum, en einnig nokkuð í Ranaskógi og hér í Mörkinni. Var því öllu sáð í haust, eftir venju.

3. Starfsmenn og verkafólk.

Eins og nánar er skýrt frá í kaflanum um skógarhögg, dvöldust 3 fastir verkstjórar skógræktarinnar hér frá miðum janúar til mars-loka og störfuðu að skógarhöggjí ásamt Páli Guttormssyni. Bjuggu þeir í Mörkinni, og var allan tímann ráðskona til að matreiða í þá og sjá um húsið. Verður ekki annað sagt en þessi nýbreytni tekist mætavel, því að allan tímann munu þeir aðeins hafa þurft að halda sig innan dyra 1 dag vegna óveðurs. Þen þess er vissulega að gæta, að tiðin í febrúar og mars var með eindænum mild.

Sú breyting varð annars á starfsliði, að fastur verkstjóri stofnunarinnar hér, Páll Guttormsson, fór í orlof þetta sumar. Fór hann héðan í maibyrjun og vann fyrst 17 mánuð í græðireitnum á Tumastöðum og í Fossvogi, en fór um miðjan júní til Noregs og var þar til septemberloka, er hann kom heim aftur. Tók hann á ný við starfi hér 1. október. Áður en hann fór út, hafði svo talazt til milli okkar, að hann reyndi að kynnast sem bezt í norscum gróðrarstöðvum kemiskri illgresiseyðingu. Hann fór mjög víða um Noreg og heimsótti fjölda gróðrarstöðva. Hann vann alllengi í gróðrarstöðvunum í Fagerlidal og Ervik við Harstad og starfaði þar einmitt mikið að úðun gegn illgresi. Þá vann hann um mánaðartíma í Örstavík, bæði í græðireitnum og við gróðursetningu.

I forföllum Páls var Ágúst Árnason verkstjóri í græðireitnum, og gegndi því starfi bæði af dugnaði, áhuga og samvirkusemi, svo að á betra verður ekki kosið. Frá því snemma í október og til desember-byrjunar vann hann mestmagnis við stækkan græðireitsins, en einnig ýmislegt fleira.

Þá skal þess getið, að Jón J. Jóhannesson, cand. mag., vann hér við gróðursetningu um þriggja vikna skeið í júní, og var mikið happ að fá hann til þess starfa.

I töflu II á bls. 4 er tilgreindur fjöldi ~~starfsmanna~~ (fastra) í einstökum mánuðum ársins og einnig fjöldi lausráðins verkafólks, eins og það varð flest í hverjum mánuði. Þá hefi ég tekið með til fréðleiks í þessa töflu fjölda vinnustunda, sem hið lausráðna fólk skilaði í hverjum mánuði, og samanlagða upphæð greiddra launa þess. Hér eru þó ekki meðtaldir smiðir, sem unnu við lagferingu á bráðabirgoaíbúð skógarvarðar í Seylu.

Tafla II. Fólk í vinnu á Hallormsstað 1956.

Mánuður	Fastir starfs-menn skógrækt-arinnar	Fjöldi	Lausrás í öftunna-stunda	fólk
			Tala vinnu-	Greidd laun
Janúar	4	1	112	1.341,50
Febrúar	4	1	200	2.491,00
Marz	4	1	184	2.204,00
April	1	6	225	5.041,49
Máí	1	23	3.421	49.125,59
Júní	1	25	4.573	66.053,48
Júlí	1	22	3.005	45.120,04
Agúst	1	14	2.753	45.546,51
Septemb.	1	12	1.542	24.606,94
Október	2	4	757	12.579,42
Nóvember	2	4	382	6.156,75
Desember	2	-	-	-
Alls			17.154	260.316,72

II. Girčing af ramkvæmdir.

1. Viðhald.

Eins og á árinu 1955 var nú svo lítlu fé, sem kostur var á, var ið til venjulegs viðhalds á skógargirčingunni - eða um 1.800 kr. Þó er í þessum lið falin veruleg lagfæring á miklum hluta gömlu girčingarinnar meðfram Hafursá. Sú girčing er nú orðin meira en 50 ára gömul, er enn svo góð, að hún mun geta staðið marga áratugi, enda hefir hún í upphafi verið afarvönduð.

Hornin voru farin að skekkjast nokkuð, en voru nú rétt við og stög sett á þau. Þá var klippt rakilega frá allri þessari girčingu, en birkiskógrinn var farinn að liggja allmikið á henni. Á þessum kafla var nokkuð eftir enn af margbættum, sléttum vír. Var hann nú tekinn og notaður í stög á nýjar girčingar. Er bætt hefir verið í bennan kafla 2 strengjum af gömlum gaddavír og skipt um nokkrar styttur, getur hann talizt fullviðgerður.

Síðast í júlí hófst svo vinna við áframhald á endurnýjun Markar- og skógargirčingarinnar, sem hafin var í fyrra. Agúst Árnason stjórnadi þessu verki af fráberri vandvirkni og röggsemi, og mun á engan hallað, þótt sagt sé, að vandaðri girčingar séu ekki til hér á Austurlandi en þær, sem settar voru upp hér s.l. summar.

Skal þessum girčingum nú lýst:

2. Markargirčingin.

Girt var í Mörkinni neðst meðfram Fljótinu. Lengd kaflans 187 m. Þarna hafði upphaflega verið girt og stóðu gömlu hornstaurarnir á sínum stað og voru notaðir núna. En snemma hafði bessi kafli verið tekinn niður og í þess stað girt í Fljótið til beggja hliða. Reynslan hefir sýnt, að neyðartúrræði er að girða í Fljótið, þar sem sandur er

fyrir, því að íshrannir og öldugangur eyðileggja fljótt girðingu á slikum stöðum.

Þá var að fullu gengið frá nýja hliðinu á Markargirðingunni, sem steypt var árið áður.

Nýi kaflinn er úr vírneti með 1 gaddavírstreng undir og 2 yfir. Í hann fóru 18 burðarstaurar úr birki og 44 styttar úr birki.

Kostnaður:

Efni	kr.	1.100,-
Vinna	"	1.950,-
Alls	kr.	3.050,-

3. Bjarggirðing og tveir kaflar meðfram Hafursárgili.

I fyrra var girðingin komin út á öxlinu fyrir innan svokallað Hálshlið (á Skriðdalsvegi). Var nú lokið við kaflann þaðan og út að Hafursárgili. Eru það 1.610 m. Nýja girðingin var öll lögð ofar en hin gamla, eða út svonefnt Votabjarg, sem er yzti hluti fjallsbrúnarinnar út að Hafursá. Gamla girðingin lá neðan við bjargið, og bendir lauslegur útreikningur til bess, að flatarmál skógargirðingarinnar muni aukast um ca. 20 ha við þessa útfærslu á girðingunni. Aðeins á littum hluta af þessu svæði mun þó skógar geta vaxið. Það mun verða upp í brekkurnar undir Votabjargi og í efri hluta Hrútobotna.

EKKI verður trúð að óreyndu, að snjó festi mikil á þessari nýju girðingu, enda voru horn ekki spöruð til þess að geta lagt hana sem mest eftir hávöðum. Utan til á Votabjargi eru miklar klappir og þurfti þar að bora fyrir burðar- og hornstaurum. Hlauzt af því geysimikill kostnaður, því að grjótbor og mann með honum þurfti að fá alla leið frá Eskiþirði. Hins vegar gekk sjálft borverkið ágætlega.

Eins og getið er um á öðrum stað í skýrslu þessari, var ruddur vegur frá Bjargseli að Hálshliði, fær jeppum og traktorum. Fyrir bragðið var hegt að flytja allt efni í girðinguna á Ferguson-dráttarvél okkar og koma því á dráttarvélinni á nær alla línum. Var að því ómetanlegt hagreði.

Þá voru girtir tveir sjálfstæðir kaflar meðfram Hafursárgili, annar 200 m (nýr) og hinн 275 m (endurnýjun, að mestu úr nýju efni)

Lengd nýju kaflanna í skágargirðingunni frá árinu er þá alls 2.085 m.

Alls eru í þessum línum 24 horn- og strengingarstaurar, þar af 8 úr gömlu girðingunni. Þessi ~~XXXX~~ fjöldi gefur kannski nokkra skýringu á því, hversu miklu var til kostað að gera girðinguna sem bezt úr garði.

Í þessa 3 kafla fór nýtt efni sem hér segir:

Vírnet	21 rúlla
Gaddavír	27 rúllur
Sigvír	50 kg
Bindivír	25 "
Stálstaurar	143 stk.
Birkistaurar	112 "
Birkistyttrar	541 "
T - staurar (úr gildari braggabogum)	8 stk.
TT - staurar (soðnir saman úr braggabogum)	8 "

Auk þessa var notað úr gömlu girðingunni:

Hornstaurar 8 stk.

L - staurar 21 stk.
"Járnbrautarteinar" ... 9 "
Övissst magn af margbættum, sléttum vír.

Kostnaður varð:

Verðmæti nýs efnis kr. 17.027,50 (á km 8.185,-)
Vinna kr. 27.269,13
Akstur og hestlán " 1.177,20 " 28.446,33 (á km 13.650,-)

Alls kr. 45.473,83 (á km 21.810,-)

I þessum kostnaði er ekki meðtalin vinna verkstjóra, þar eð hann varð jöfnum höndum að hafa umsjón með græðireitnum, né heldur vinna dráttarvélar við flutninga, og virðist þó ekki á bætandi kostnaðinn! Hins vegar er innifalinn í vinnu kostnaður við uppsetningu á Hálshliðinu, sem nú var fært nokkru ofar en það áður var.

Að þessu sinni var sá háttur hafður á, að girðingavinnuflokkurinn lá við í tjaldi uppi á fjalli og var stúlka ("fjallkkona") þar uppi á daginn til að matreiða í flokkinn. Við athugun á kostnaðinum eftir á kemur í ljós, að við þetta hefir sparazt um 30%, miðað við að menn-irnir hefðu gengið heim á kyöldin.

Kostnaður

4. Fullkomnun á Biarggirðingu frá 1955.

Nú var fullgerður kaflinn, sem girtur var á Bjarginu 1955, og gerðar nokkrar endurbætur, þar sem veilur höfðu komið í ljós. Það var einkum í snjólautinni ofan við Illuskriðu, sem þurfti að endurbæta. Þar hafði girðingin verið hækkuð með því að bæta nokkrum gaddavírstrengjum ofan á netið. Gaddavírinna hafði tognat svo mjög í snjóþyngslum og isingu, að þar var ein flækja í vor leið. Var nú gaddavírinna tekinn burt og net sett í staðinn og bætt í staurum af tvöfaldri hæð. Á öðrum stað, þar sem girðingin var hækkuð með vínetum árið áður, hafði hún staðið raunina vel.

Þá var ástöku stað bætt í girðinguna gildum trústaurum, þar sem óeðlilega mikill hliðarsláttur virtist á henni.

Kostnaður við þessar endurbetur varð um 3.200 kr. Ær vinnukostnaður á þessum kafla orðinn alls 24.000,- + 3.200,- = 27.200,- kr., eða kr. 11.800,- á km.

Verkið við þessar girðingar, sem nú hafa verið taldar, fór svo langt fram úr ámtlun, að ekki varð neitt hafizt handa með hina fyrirhuguðu girðingu í Hafursárlandi, en það verk pyrfti endilega að komast í framkvæmd 1957.

Ennfremur var frestað að gera nýtt pípuhlíð við Hafursá, sem fyrirhugað var.

III. Skógarhöggi

A árinu var felldur rösklega þriðjungi meiri viður en árið áður - og koma þó hverginærri öll kurl til grafar, eins og skýrt verður á eftir.

Telja má árið 1956 merkisár í sögu skógarins hér, því að nú var fyrir atbeina skógræktarstjóra framkvæmd í fyrsta sinn allumfangsmikil grisjun í ungum birkiskógi á því aldursskeiði, sem grisjunar er

mest þörf til þess að ala upp verömætan birkiskógs.

Hinn 14. janúar komu hingað tveir verkstjórar skógréktarinnar, Águst Árhason og Guðmundur Pálsson, og 26. janúar bættist Brynjar Skarphéðinsson í hópinn. Þeir voru hér til 27. mars og unnu nér allan tímann að grisjun, ásamt Páli Guttormssyni.

I þessari grisjunarlotu var farið yfir eftirtalín svæði:

1. Svæðið milli Borgargerðisáss og Lagarfljóts inn að gróðursetningarsvæðum í Lýsishól og neðar að Ormsstaðamýrum neðan Lóns, og út að grafningsi framan við Borgargerðislék. A þessu svæði er skógurinn ofan til 30-40 ára gamall, en neðan til 15-20 ára.

2. Allan Gatnaskógs frá túni húsmæðraskólangs og út fyrir Kliftjörn.

3. Allstórt svæði neðantil í Lýsishól ofan við gróðursetningarsvæði þar (þetta var grisjun fyrir gróðursetningu).

4. Byrjað á grisjun í afarfallegum ungskógi neðan við Borgargerði.

Mikill hluti af viði, sem fíll á þessum sveðum, var svo smár, að ekki var söluvara, hvorki sem eldiviður né staurar. Nokkuð tindist þó til af sveðum 2 og 3 og ofantil af svæði 1.

Asteðan til þess, að Gatnaskógrunn var grisjaður í þetta sinn, var einkum að snyrta til þessan þekktasta hluta Hallormsstaðaskógar, en mikið var örðið þar þó að feyskjum og smákrúði, sem var til mikillar óprýði. Eftir grisjunina geta ferðamenn séð miklu betur en áður hina gömlu, gildu stofna, sem enn prýða Gatnaskóga.

Hinn 23. apríl hófst skógarhögg aftur. Var það nér einvörðungu grisjun til þess að fá upp í pantanir á girðingastaurum, en þer tóku að berast eftir miðjan apríl. Var þá aðallega grisjað í Kartinum í nánd við Bergsbásklif og í námunda við Atlavíkurstekk. Síðari hluta júlí var dæltið höggvið til þess að fá staura upp í óafgreiddar pantanir og í skógargirðinguna hér. Var þá einkum leitað fanga í Stóraskógi og í kúagirðingu húsmæðraskólangs neðst í Framhólunum.

I desember var grisjaður skermur yfir ungu lerki í nánd við Guttormslund og byrjað að grisja frá Atlavíkurstekk og áleiðis niður í Atlavík. Er ætlunin að snyrta verulega til skóginna í Atlavík nú eftir áramótin.

Ótalið er þá, að í maíbyrjun var grisjað í Guttormslundi allt nema tilraunaflöturinn. Voru felld 220 tré, en tilraunaflöturinn var grisjaður í miðjum júlí, og fíllu þar 146 tré. Alls voru þá felld 366 tré í lundinum á þessu ári. Samt var þetta væg grisjun og verður nauðsynlegt að grisja aftur nokkuð á vori komanda. Af hinum 220 trjám fengust 195 burðarstaurar og 130 styttur, en trén í tilraunaflötinum eru enn óbútuð niður.

Sala eldiviðar var eins og árið áður hverfandi lítil, en eftir spurn eftir girðingastaurum mun meiri, og jókst sala þeirra um tæp 100% frá árinu áður. Má efalaust að nokkru þakka það flokkun þeirri, sem tekin var upp á fyrra árin og meilt hefir mjög vel fyrir hjá bændum hér í nágrenninu, en einhverju mun og hafa valdið, að erfitt var að fá keypta erlenda girðingastaura.

Staurahæggið í ár var því miður um of með sama marki brennt og árið áður: að taka varð það, sem hendi var næst til þess að geta afgreitt í flýti pantanir, sem því miður bárust með óþegilega stuttum fyrirvara.

Pess verður að geta hér, að það var hið mesta happ fyrir okkur, er við fengum hjá Stephani Stephensen, kaupmanni í Reykjavík, viðar- sög við Ferguson-dráttarvél. Er sög þessi hið meta þing. Þótt enn hafi ekki gefið tóm til að kanna afköst hennar til fulls,

liggur þó fyrir ein tilraun, sem sýnir, að hegt er að kurla viðartonn-
ið í 30 cm búta á um 50 mínútum með tveimur mörnum. Notkun á þessari
sög mun einnig geta lækkað nokkuð framleiðslukostnað á girðingastaur-
um.

Eldiviðarnotkunin í Mörkinni varð nú miklu meiri en áður, eins og
gefur að skilja, þar sem dvalizt var þar í húsinu mestan hluta ársins
og eldstæðum fjölgæð. Þó er þessi heimaneyzla að nokkru leyti ástluð,
en vart of lágt.

Viðarhöggjöld á Árinu telst hafa numið alls 44 tonnum. Af þessu
magni var:

Eldiviður	ca. 27,00	tonn
Efniviður	1,95	"
Burðarstaurar I	170	stk.
- " - II	1.680	"
- " - III	165	"
Styttur	1.700	"

Alls 44,00 tonn

=====

Birgðir í árslok eru:

Eldiviður	ca. 4	tonn
Burðarstaurar II	150	stk.

Fyrir jólin voru felld nokkur grenitré (rauðgreni, broddgreni,
blágreni og hvítgreni) og seld sem jólatré (18 stk.), og enn fremur
voru heimilunum hér á staðnum og íjórum næstu þejum, sem mest skipti
hafa haft við okkur, afhent lítil jólatré sem jólagjöf frá stofnun-
inni. Eins og í fyrra keyptu þejayfirvöldin á Seyðisfirði og í Nes-
kaupstað sitt tréð hvor. Voru þau þæði úr Jökullakjarkinn. Hin trén
fóru ýmist til félaga, verzlana eða einstaklinga.

Þá voru seld 182 kg af furugreinum (fjallafura og kontortafura)
til ýmissa verzlana hér austanlands.

Jólatrjáa- og greinasalan jókst um 100% frá í fyrra.

Verðmæti viðarafurða ársins 1956 (að frádrégnunni eldiviði, sem
notaður var á staðnum):

Andvirði seldra jólatrjáa og greina.....	kr. 4.554,-
- " - selds eldiviðar	" 1.800,-
- " - efniviðar	" 1.730,65
Girðingastaurar:	
Andvirði seldra	kr. 11.058,-
Verðmæti afhentra til skógar- girð. á jörðum einstaklinga	" 2.055,-
Verðmæti staura í girðingar á Hallormsstað	" 3.087,50
Verðmæti birgða	" 945,-

Alls kr. 25.230,35

=====

Kostnaður við skógarhögg varð rúmlega 28.000,- kr. Er þá ekki
meðtalinn vinna verkstjórnanna þriggja frá Reykjavík, en hins vegar
vinna Páls Guttermssonar frá áramótum til marzloka. - Ber enn að sama
brunni og í fyrra, að ekki var kostur að haga staurahöggini eins vel
og æskilegt væri. Veruleg bót verður samt ráðin í þessu efni, er unnt
verður að bæta vegakerfi í skóginum til muna.

IV. Græðireiturs.

1. Almennt um fjárfestingu í græðireitnum.

Keypt taki. Á árinu voru keypt til starfseminnar eftirtalin taki:

FERGUSON-dráttarvél með benzínvél,
Priggja tonna flutningavagn með vökvasturtu fyrir Ferguson,
HORN-DRAULIC-þmokstrartæki við Ferguson,
Plógherfi við Ferguson.

Auk þessa voru keypt ýmis minni háttar taki og áhöld, sem ekki verða talin hér.

Er við höfum nú fengið dráttarvél og notað eitt summar, finnst okkur óskiljanlegt, hvernig hegt hafi verið á undanförnum árum eð komast af án hennar. Mun vélin hafa verið í gangi meira eða minna hvern dag, síðan hún kom. Til þessa er reynslan af vélinni afargóð.

Takin, sem fengin voru með dráttarvélinni, hafa öll reynzt mestu þing, ekki sízt flutningavagninn. Er skylt hér að geta þess, að það var fyrir sérstakan velvili ja og lipurð hr. Runólfss Sæmundssonar, fulltrúa hjá Dráttarvélum hf., að í þennan vagn náiðist s.l. vor, en hann var ekki nýr, þótt ónotaður væri.

Vatnsveitan. Nýja vatnsveitan var sett upp s.l. vor. Var horfið að því ráði að hafa aðalvatnsleiðsluna, sem er úr 2" galvaniséruðum pipum, ofanjarðar. Hvílir hún á birkikrossum, sem reknir eru niður með 3 m millibili og settir þannig upp, að halli leiðslunnar verði sem jafnastur. - Hatt var við að steypa stíflu í Kerlingarána, en í þess stað gerð einföld stífla úr grjóti og torfi, og mun það reynast alveg nóg.

Með ýmsum smáhlutum, sem kaupa þurfti til viðbótar á árinu, varð kostnaður við uppsetningu vatnsveitunnar um 3.700 kr.

EKKI er vatnsveitan samt fullgerð, því að það sýnir sig, að nauðsymlegt verður að leggja fasta, galvaniséraða leiðslu alveg niður í Neðstareit. Ennfremur vantar enn nokkur tengistykki, til þess að sjálft vökyunarkerfið komi að fullum notum.

Hins vegar er óhætt að segja, að vökvun með kerfi þessu nuni verða mjög góð. Útinn er finn og vel dreifður.

Vermireitsgluggar. Á árinu voru keyptir til viðbótar 25 m² af gluggum og ennfremur 70 m² af gluggum úr Eiðaskóla. Gluggar þessir fengust á vægu verði, 25 kr. m². Þá var keypt nokkuð af timbri í ný gluggaundirlög og var ætlunin að smíða svo mikið af þeim, að ekki pyrfti að taka karmana af annars árs fræbeðum, eins og hingað til. EKKI var þó smíðað svo mikið að þessusinni, og eftir að Eiðagluggarnir komu, vantar undirlög undir um 100 glugga til þess að tvö sett séu til.

Aðfrádregnu ~~XXXXXX~~ kostnaðverði glers og glugga frá Reykdal, kostuðu þessar framkvæmdir rúmar 10.000 kr., efni, flutningur og vinna.

Nýrækt. I vor leioð var lokið við nýræktina í Efstareit. Ær betta svæði 1.250 nettófermetrar (aðalgangar frádregnir). Var ekki í betta svæði til viðbótar 5 bílhlössum af móbold og 20 bílhlössum af sandi. Kostaði sá akstur alls um 4.000 kr. Þessi nýi reitur ætti að vera mjög góður, a.m.k. eftir að einu sinni hafaverið í honum plöntur.

I október var byrjað að vinna að frekari stækkan græðireitsins. Voru nú ruddar og jafnaðar í Efstareit og Niðreit spildurnar að

gamla skurðinum, sem liggur niður eftir miðri Mörkinni, og Miðreiturinn einnig breikkaður um 10 m úteftir og örliðið niðureftir. Eru þessar nýju spildur samtals rúmir 1.500 m².

Mikið verk var að ryðja þessi svæði, því að ekki var um jarðytu að ræða til þess verks. Varð því að nota Ferguson til að rífa upp returnar, og gekk það furðuvél. Skurðbarminn framan við Miðreitinn purfti að lækka allmikið á kafla, og gátum við fengið vegagerðarýtu til þess með afargöðum kjörum.

Spildurnar voru svo allar plægðar vandlega og tvær þeirra herfaðar mjög vel. Viðbótið utan við Miðreitinn er fullunnin, og ekki vantart annað en nokkur hlöss af móbold og ein 10-15 hlöss af sandi. Þáðar hinar spildurnar þarf að ræsa mjög vel fram og einnig mikið af gamla Miðreitnum. Verður nauðsynlegt að gera það strax í vor, því að dreifsetja verður í þær báðar.

Fleira um endurbætur í reitnum. Auk þess, sem begar er getið, var ekið 4 bílhlössum af móbold og 11 af sandi. Alls var þá ekið í reitinn á árinu

31 bílhlassi af sandi og
9 bílhlössum af móbold.

Þá er þess að geta, að tekin voru á árinu fyrstu skrefin til heildarskipulagninga græðireitsins:

1. Ákveðin var ein sameiginleg grunnlína fyrir alla reitina, ~~sem~~ beðin skulu liggja samsíða við. Var mestum hluta beðanna, ~~sem~~ gerð voru í Efstareit í vor leið, snúið þannig.

2. Hafin var gerð breiðra og vandaðra aðalvega um reitinn. Var lokið við að jafna slikan veg ofan við Efstareit og snyrtilegur torfkantur gerður ofan við henn. Þá var vegur gerður niður í Mörkina frá nýja hliðinu, sem nú var fulðgert. - Þessar ~~HEXKOMMUR~~ lagfæringer kostuðu rúmlega 3.600 kr.

Loks má á þessum stað geta þess, að utantil í Efstareit var nú gert vandað holræsi úr grjóti. Þarna hefir verið nokkur seyla, og plöntur hafa alltaf lyfzt þar mikið af holklaka. Enda hefir sýnt sig í haust og vetur, að úr ræsi þessu er stöðugt rennsli. - En hér varð sama uppi á teningnum og í fyrra við ræsagerðina: betta ræsi varð ótrúlega dýrt. Verður það að ljósara, að ófært er að gera holræsi úr grjóti nema engin önnur úrræði séu.

2. Áburður.

Af tilbúnum áburði var notað á árinu í græðireitinn:

700 kg brennnisteinssúrt kali,
550 " prífosfat,
400 " ammóniumnitrat.

Af húsdýraáburði:

30 tonn kúamykja (10 bílhlöss; ekið í reitinn í fyrra),
33 " sauðatað (11 bílhlöss)

Birgðir af áburði í árslok:

200 kg brennnisteinssúrt kali,
350 " prífosfat,
450 " ammóniumnitrat.

A þessu hausti var engum húsdýraáburði ekið í reitinn. - Allur kostnaður við innkaup, flutning og dreifingu á áburði varð um 4.900 kr. Ber þá að athuga, að ekkert var keypt af húsdýraáburði á árinu.

3. Sáning.

Tafla III hér fyrir neðan sýnir, hverju og hve miklu var sáð vorið og haustið 1956.

Tafla III. Fræsáning á Hallormsstað vor og haust 1956.

Tegund	Uppruni	Merki	kg	m ²	Fræs.nr.
Birki, ísl.	Bæjarstaður	001- 100-55	4,70	143,0	367
Birki, ísl.	Hallormsstaður	003- 100-54	5,05	82,0	368
Gráelri	Rognan, Salten, N		0,50	15,0	547
Reynir, ísl.	Ymsir staðir		45,00	32,0	
Blágreni	Sapinero, Colo. B	2093-3000-55	2,00	86,0	377
Rauðgreni	Nord-Helgoland, N	3405- 100-51	1,00	27,0	306
Rauðgreni	Nord-Helgeland, N	3405- 100-51	2,00	63,5	369
Sitkagreni	Cordova, A	108- 100-54	2,00	56,5	308
Sitkagreni	Cordova, A	108- 100-54	1,72	44,5	370
Sitkabastarður	Lawing, A	401- 100-54	6,00	100,0	371
Rússalerki	Sverdlovsk, R		0,50	10,0	374
Rússalerki	Yarensk, Arkangelsk, R		0,40	8,0	375
Dahúriulerki	Aldan, Yakutsk, R		2,00	69,0	379
Dahúriulerki	Amaga, Yakutsk, R		0,05	1,6	380
Dahúriulerki	Tommot, Yakutsk, R		0,05	1,6	381
Dahúriulerki	Komsomol'sk v/Amúr, R		0,05	1,6	382
Dahúriulerki	Sínsk, Yakutsk, R		0,05	1,6	383
Kontortafura	Skagway, A	1001- 250-53	0,27	10,5	170
Sembrafura	Hakasskaya, R		3,00	9,5	386
Skógarfura	Sjomen, N	3002- 100-47	0,25	10,0	155
Fjallaböll	Lawing, A	604- 100-54	0,30	8,5	373
Marpöll	Cordova, A	700- 100-54	0,30	10,0	372
Fjallabínur	Spinero, Colo., B	901-3000-55	1,00	20,0	376
Hvítþinur	Sapinero, Colo., B	2400-3000-55	3,00	40,0	378
Síberíupinur	Mourino, Irkutsk, R		100	0,45	11,0
Síberíupinur	Tavda, Sverdlovsk, R			0,95	29,0
Ymsar prufur	All, bæjarstaðir me				385
Alls			82,59	985,91	94,5

A = Alaska. B = Bandaríkin. N = Noregur. R = Ráðstjórnarríkin.

Af fræseðlunum sést, að við urðum ekki fyrr á ferðinni með sáningarnar í ár en í fyrra. Um ásteður til þess er nákvæmlega hið sama að segja og þá. Prengslin í græðireitnum valda svo feikilegum óþengindum og eins hitt, að ekki er hægt að sá nema í vissa kluta reitsins enrbá.

Allt um það, að seint var sáð, er ekki hægt að segja annað en meginhluti sáningaráinnar tækist semilega, einstaka (sitkagrenið) ágætlega, og einnig þöllin mun betur en í fyrra. En ekki tókst vel með rauðgrenið, plönturnar af því voru litlar, og hætt við, að eitt-hvað af þeim fari forgörðum í vatur.

Öhett er að segja, að illa hafi tekið til með margt af pruf-

um, enda urðu þær, því miður, að sitja á hakanum, þar til síðast.

Að þessu sinni bar lítið á rótarbruna, nema í kontortafurunni, sem sáð var haustið 1955 og kom ágetlega upp s.l. vor.

Kostnaður við sáningu nam alls liðlega kr. 9.000 - eða kr. 9,15 á m², en það er ívið lægra en áætlað var á m², og eitt af því fáa, sem staðið hefir áætlun!

4. Dreifsetning.

Tafla IV sýnir, að alls voru dreifsettar s.l. vor 336.800 plöntur barr- og lauftrjáa og 9.230 græðlingar - samtals 346.800 plöntur. Þetta er liðlega 100 þús. plöntum færra en áætlað var í fyrra.

Tafla IV. Dreifsetning á Hallormsstað 1956.

<u>Almur</u> , Rognan, Noregi, 1/0	5.300	15 vœ
<u>Askur</u> , Leksvík, Noregi	100	5 vœ
<u>Alaskabirki</u> , Lazy Mountain, Alaska, 2/2	3.500	100
<u>Birki</u> , íslenzkt, Bæjarstaður, 3/0	9.400	200
<u>Grælri</u> , Boxbacka, Finnland, 2/0	1.500	
<u>Rauðelri</u> , Ålandseyjar, Finnland, 2/0	700	
<u>Reynir</u> , íslenzkur, 2/2	500	
<u>Broddgreni</u> , Sapinero, Colo., Bandaríkin, 3/0	59.600	2.000 vœ
<u>Brodd- og blágreni</u> , Colo., Bandaríkin, 2/3	10.900	
<u>Hvítgreni</u> , Moose Pass, Alasca, 2/3	2.600	
<u>Rauðgreni</u> ; Drevja, Veisen, Nor., 3/0	70.500	
<u>"</u> Rana, Noregi, 2/2/2	1.000	71.500
<u>Sitkagreni</u> , Macleod, Alaska, 3/0	126.900	100 vœ
<u>"</u> Homer, Alaska, 3/0	7.700	
<u>"</u> " Alaska, (2/2)½....	8.400	
<u>"</u> Seward, Alaska, 2/3	4.700	147.700
<u>Evrópulerki</u> , Schlitz, Pýzkaland, 2/0	900 X	
<u>Skógarfura</u> , Troms dalir, Noregi, 3/0	22.600	336.800

Græðlingar:

<u>Pingviðir</u>	5.000	
<u>Gulvíðir</u>	2.300	
<u>Rifs</u>	1.000	
<u>Alaskaðsp</u>	400	
<u>Heggur</u>	400	
<u>Víðja</u>	100	
<u>Loðvíðir</u>	30	9.230
Alls	346.030	

Það reyndist koma á daginn, sem þá var hafður fyrirvari um, að broddgrenið frá Sapinero var smítt, sakir toppkals og kannski of þéttar sánningar, svo að kasta varð mjög miklu úr því. Þó varð enn að skilja eftir af því til næsta árs um 13.000 plöntur, vegna pláss-leysis. Einnig reyndist sitkagrenið frá MacLeod ofstalið um rúm 20 þúsund, en þar var sama sagan: mikil toppkal. Að öðru leyti stóðst talningin frá haustinu áður á flestum tegundanna mjög vel, nema hvað miklu meira gekk úr til dreifsetningar af 2/3 sitkagreninu frá Homer og Seward en áætlað hafði verið. Þá var sleppt að dreifsetja siber-

fulerkið frá Chebalinsky, en plönturnar í þess stað rótarstungnar til hliðanna, og verða þer afgreiddar úr stöðinni á vori komanda sem 3/0 plöntur.

Lins og árið áður, var dreifsett langseftir beðum. Var nú heldur meira vandað til undirbúnings beðanna en þá, og leiddi það af sér nokkuð aukinn kostnað. Þá voru stúlkurnar látnar vanda meira yfirrakstur að lokinni dreifsetningu í hverja rás en áður. Mun óhætt að fullyrða, að verkið hafi verið mjög vel af hendi leyst hjá dreifsetningarástúlkunum.

Mestmognis unnu fjórar stúlkur að dreifsetningunni, 2 hinum sömu og árið áður, 1 vön héðan og úr Fossvogi frá fyrri árum og 1 óvön. Í ákvæðisvinnu dreifsettu þer aðeins 181.200 plöntur að þessu sinni. Þer notuðu til þess 235 klukkustundir alls. Meðalafköst þeirra í ákvæðisvinnunni urðu því:

770	plöntur	á	1	klist.
6.160	"	"	8	klukkustunda vinnudegi
6.930	"	"	9	"

Mestu dagsafköst einnar stúlku urðu að þessu sinni 9.460 plöntur á 9 klist. Sumarið áður hafði þessi sama stúlka dreifsett mest 9.160 plöntur á 9 klist. degi.

Astaður til þess, að ekki var nema liðlega helmingur plantnanna dreifsettur í ákvæðisvinnu, voru þer cinkum, að dreifsetja burfti á mörgum stöðum í reitnum og aðeins lítið magn í sumum þeirra. Sakir þingsla varð að dreifsetja svo til alls staðar, þar sem beð losnaði.

Allur kostnaður við dreifsetninguna nam nú rúnum 34.000 kr. eða 9,9 aurum á plöntu til jafnaðar. Hér er þá tekin með öll vinna við upptökum, sorteringu og niðurslátt til bráðabirgða á dreifplöntum, beðun, klippingu græðlinga og dreifsetningu þeirra.

Til fröðleiks hefi ég sundurgreint þennan kostnað enn frekar, en hann er allur fólginn í vinnu:

Klipping græðlinga kostði 7 aura á stk.

Vinnan við að dreifsetja græðlinga kostði 10 aura á stk.

Upptaka og ~~XXXXXXXXX~~ sortering dreifplantna kostði 3,3 aura á stk.

Vinnan við dreifsetningu í ákvæðisvinnu reyndist 2,9 aurar á plöntu til jafnaðar.

Vinnan við dreifsetningu í tímavinnu reyndist 4,0 aurar á plöntu til jafnaðar.

Meðalafköst stúlknanna við dreifsetningu í tímavinnu urðu sem hér segir:

300	plöntur	á	1	klist.
2.400	"	"	8	klukkustunda vinnudegi
2.800	"	"	9	"

Astaðan til þess, að kostnaður á plöntu í tímavinnu ~~hekkar~~ ekki að spá skapi og afköstin minnka, miðað við ákvæðisvinnu, er sú, að í tímavinnunni ~~XXXXXXXXX~~ koma fram áhrif hinna mismunandi háu kauptaxta stúlknanna eftir aldri og æfingu. Þannig vann t.d. ein stúlka, sem var á lengsta taxta, alltengi við dreifsetningu á lauftrjám í tímavinnu. Og lengst af vann aðeins ein stúlka í hesta kaupflokk að dreifsetningunni í tímavinnu.

I heild varð dreifsetningarkostnaðurinn miklu meiri en ástlað hafði verið, miðað við plöntufjölda. Eftirtaldar astaður munu einkum valda því:

Mikill kostnaður við niðurslátt plantna, sem sortéraðar voru úr

úr söluplöntum til dreifsetningar. Þeim var nú strax slegið afarvand-lega niður, enda dreifsettar síðast.

Meira dreifsett af slíkum plöntum en árið Áður, en verkið sækist mun seinna, begar unnið er með svo stórar plöntur, heldur en með fræbeðsplöntur.

Tiltölulega miklu minna dreifsett í ákvæðisvinnu en árið Áður.

Loks var vandaðri frágangur á dreifsetningarþróðum en árið á undan.

Tafla V. Plöntur til dreifsetningar á Hallormsstað 1957.

<u>Birki, íslenzkt,</u>	<u>Bæjarstaður,</u>	<u>2/0</u>	<u>.....</u>	<u>allt að</u>	<u>15.000</u>
<u>Gráelri,</u>	<u>Rognan, Noregi,</u>	<u>2/0</u>	<u>.....</u>		<u>8.000</u>
<u>Reynir,</u>	<u>Fljótsdalshérað,</u>	<u>2/0</u>	<u>.....</u>	<u>15.000</u>	
"	"	<u>2/2</u>	<u>.....</u>	<u>2.000</u>	<u>17.000</u>
<u>Cráfura, (P. banksiana),</u>	<u>Salida, Colo.,</u>	<u>2/0</u>	<u>.....</u>		<u>13.500</u>
<u>Gulfura, (P. ponderosa),</u>	<u>Sapinero, Colo.,</u>	<u>2/0</u>	<u>.....</u>		<u>2.500</u>
<u>Broddfura,</u>	<u>Fairplay, Colo.,</u>	<u>3/0</u>	<u>.....</u>	<u>1.750</u>	
"	<u>Salida, Colo.,</u>	<u>2/0</u>	<u>.....</u>	<u>8.500</u>	<u>10.250</u>
<u>Kontortafura,</u>	<u>Skagway, Alaska,</u>	<u>200 m, 3/0</u>	<u>..</u>	<u>50.000</u>	
"	"	<u>400 m, 3/0</u>	<u>..</u>	<u>30.000</u>	
"	<u>Wedellsborg, Danmörku,</u>	<u>3/0</u>	<u>..</u>	<u>4.500</u>	<u>84.500</u>
<u>Skógarfura,</u>	<u>Sör-Salten, Noregi,</u>	<u>3/0</u>	<u>.....</u>		<u>4.400</u>
<u>Evrónulerki,</u>	<u>Boxbacka, Finnland,</u>	<u>3/0</u>	<u>.....</u>		<u>400 ✓</u>
<u>Russalerki,</u>	<u>Arkangelisk-Vélsk,</u>	<u>2/0</u>	<u>.....</u>	<u>5.000</u>	
"	<u>Karpinsk, Úral,</u>	<u>2/0</u>	<u>.....</u>	<u>8.000</u>	<u>13.000</u>
<u>Síberíulerki, Áskís, Krasnojár,</u>	<u>2/0</u>	<u>.....</u>	<u>87.000</u>		
"	<u>Chebalinsky, Altai,</u>	<u>2/0</u>	<u>.....</u>	<u>16.000</u>	<u>103.000</u>
<u>Hvítbínur, (A. concolor),</u>	<u>Sapinero, Colo.,</u>	<u>2/0</u>	<u>.....</u>		<u>12.000</u>
<u>Blágreni,</u>	<u>Colorado,</u>	<u>3/3</u>	<u>.....</u>		<u>18.000</u>
<u>Broddgreni,</u>	<u>Sapinero, Colo.,</u>	<u>4/0</u>	<u>.....</u>		<u>13.000</u>
<u>Hvitgreni,</u>	<u>Knik River, Alaska,</u>	<u>2/3</u>	<u>.....</u>		<u>2.200</u>
<u>Baudgreni,</u>	<u>Grane, Vefsen, Noregi,</u>	<u>3/0</u>	<u>.....</u>		<u>17.000</u>
<u>Sitkabastardur,</u>	<u>Lawing, Alaska,</u>	<u>3/2</u>	<u>.....</u>	<u>6.500</u>	
"	"	<u>3/0</u>	<u>.....</u>	<u>24.000</u>	
"	"	<u>2/0</u>	<u>.....</u>	<u>2.500</u>	<u>33.000</u>
<u>Sitkagreni,</u>	<u>Cordova, Alaska,</u>	<u>2/0</u>	<u>.....</u>	<u>85.000</u>	
"	<u>Macleod, Alaska,</u>	<u>3/0</u>	<u>.....</u>	<u>4.500</u>	
"	"	<u>3/2</u>	<u>.....</u>	<u>1.350</u>	
"	"	<u>2/3</u>	<u>.....</u>	<u>2.500</u>	
"	<u>Seward, Alaska,</u>	<u>3/0</u>	<u>.....</u>	<u>12.000</u>	
"	"	<u>2/3</u>	<u>.....</u>	<u>2.000</u>	
"	<u>Homer, Alaska,</u>	<u>2/2/2</u>	<u>.....</u>	<u>150</u>	
"	<u>Óviss uppruni, Alaska,</u>	<u>2/2/2</u>	<u>..</u>	<u>2.000</u>	<u>109.500</u>
			<u>Alls</u>		<u>476.200</u>

Varðandi plöntur til dreifsetningar næsta vor er það helzt að segja, aðtalan á kontortafurunni geti sveiflað talsvert til, einkum niður á við. Þá geti mjög komið til greina að gróðursetja hér á Hallormsstað eitt hvert magn af 2/0 lerkini, þar eð miðg mikil af því er svo hávaxið, að harðleikið er að þurfa að dreifsetja það, ekki sízt þar sem rótarkerfi má teljast semilegt. Undir engum kringumstæðum myndi koma til greina að láta megnið af því vera nema 1 ár í dræfþeði. Annars er athyglisvert, hve mikil magn verður að þessu sinni að dreifsetja af úrhraði úr söluplöntum.

Eðlilegast er að lokum að geta þess í þessum kafla, að Skógrækt-

arfélag Eyfirðinga keypti af okkur 20.000 broddgreni 3/0, 1000 sitkagreni 3/0 og 3.000 þinvíðigreðlinga. Kostnaðurinn við þessar plöntur er innifalinn í heildarupphæðinni hér að framan. - Auk þess 7.000 2/0 birki í haust.

Af þessu tilefni vil ég skjóta hér inn þeirri athugasemd, að þeg tel mjög koma til mála, að lítlu gróðrarstöðvarnar fengju allar plöntur, sem þer purfa til dreifsetningar, frá hinum stærri (sbr. norsku kontraktgreðireitina). Pökkun á dreifplöntum í kassa og flutningur þeirra kostar sáralítið og ætti að vera áhattulaus.

5. Afhentar plöntur.

Eins og tafla VI sýnir, voru afgreiddar úr stöðinni 96.915 plöntur, eða 290 fleiri en áætlað var eftir talningu haustið áður. Raivolalerkið varð raunar um 9.000 færra en áætlað hafði verið, og staðaði það af geysimiklum toppskemmdum, sem reyndust miklu meiri, er farið var að taka það upp, en áætlað var í fyrstu. Og mikil vanhöld eftir gróðursetningu munu hafða orðið á því Raivolalerki, sem afgreitt var. Hins vegar reyndust skógarfura, rauðgreni og blágreni fleiri en niðurstaða talningar sýndi. Þá var horfið að því að taka upp Hakaskojaþerki, sem dreifsett hafði verið árið áður vegna toppskemda, og fyllti það dálitið í skarðið.

Vinnukostnaður við upptöku, sortéringu, pökkun og afhendingunam liðlega 14.700 kr. - eða 15,2 aurar á plöntu. Hér er þá meðtalinn kostnaður frá því haustinu áður við upptöku, sortéringu og niðurslátt söluplantna af birki og viði. Ef tekinn er með flutningur plantna til hafnar og á flugvöll og ýmis annar kostnaður, hækkar upphæðin í 16.500 kr. - eða 17 aura á plöntu.

Tafla VI. Flöntur afhentar úr greðireitnum á Hallormsstað 1956.

<u>Birki, íslenskt, Bæjarstaður, 3/0</u>	17.000
"	3/2	4.132
<u>Alaskabirki, Lazy Mountain, 2/2</u>	805
<u>Gráelri, Boxbacka, Finnland, 2/0</u>	150
<u>Reynir, Fljótsdalshérað, 2/2 & 2/2/2</u>	673
<u>Pingviðir, 0/2</u>	1.687
<u>Gulvíðir, 0/2</u>	356
<u>Viðja, 2/0</u>	250
<u>Rifs, 1/2 & 1/3</u>	1.304
<u>Sólber, 1/3</u>	19
<u>Siberiulerki, Raivola, Finnland, 2/2</u>	9.950
<u>Siberiulerki, Hakskoja, 2/2/1</u>	1.918
<u>Skógarfura, Troms innland, 3/0</u>	11.810
<u>Blað- og broddgreni, Colorado, 2/3</u>	11.211
<u>Hvitgreni, Moose Pass, 2/3</u>	8.003
<u>Rauðgreni, Trysil, 2/2/2</u>	10.720
" Rana, 2/2/2	5.071
<u>Sitkagreni, Homer, 2/3</u>	5.460
" Seward, 2/3	4.600
" Öviss uppruni, 2/2/2	1.291
<u>Evrópulerki, Boxbacka, Finnland, 3/0</u>	500
Alls		96.915

Næst skal þá skýrt frá nýjum - eða réttara sagt endurvöktum - þætti plöntusölunnar: sölu hnausaplantna úr skóginum. Að undanförnu

hefir eftirspurn eftir stórum barrtrjáplöntum með braus farið vaxandi. S.l. vor léturn við undan og afgreiddum dálitið af súlikum plöntum - og tókum að sjálfsgöðu söeins þær, sem annars hefði orðið að fella við grisjun. Langflestar þessara plantna voru saldar til Egilstaða - þar af 35 á samkomusvæði sjálfstæðisflokkins þar í skóginum. Þen auk þess voru Alþýðuskólanum á Biðum afhent 15 brodd- og blágrenitré til gróðursetningar við skólan.

Petta var ~~XXXXXX~~ selt af hnausaplöntum:

24 stk. síberíulerki úr Guttormslundi.

24 " broddgreni úr Mörkinni.

7 " blágreni úr Króklækjarteignum.

65 stk. alls.

Andvirði þessara trjáa var alls kr. 5.850,-. Þen allan kostnað við upptöku og afhendingu greiddu kaupendur.

Tafla VII. Söluhlöntur á vori komanda.

<u>Birki, íslenskt,</u>	Bejarstaður, 3/0	1.600	
"	2/0	4.000	
"	Hallormestaður, 2/0	12.400	18.000
<u>Grælri, Rognan,</u>	2/0		2.000
<u>Bingvíðir,</u>	0/1	3.400	
"	0/2	3.600	7.000
<u>Gulvíðir,</u>	0/1	2.000	
"	0/2	1.200	3.200
<u>Viðja,</u>	2/0		1.850
<u>Reynir,</u>	2/3 & 2/3/2, 40 - 60 cm	2.000	
"	yfir 60 cm	1.650	3.650
<u>Síberíulerki,</u>	Chebalinsky, Altai, 3/0, yfir 20 cm ..		4.800
<u>Kontortafura,</u>	Wedellsborg, 3/0		4.000
<u>Skúgarfura,</u>	Sör-Salten, 3/0		11.000
<u>Blágreni,</u>	Colorado, 3/3, yfir 11 cm		26.000
<u>Lvitgreni,</u>	Knik River, 2/3, yfir 12 cm ,,,	1.200	
"	Moose Pass, 2/4, yfir 12 cm og mikið um og yfir 20 cm	2.200	3.400
<u>Rauðgreni,</u>	Rana, Solör, Trysil og Umeå, 2/3/2, yfir 12 cm og mikið af stórum		7.500
<u>Sitkabastarður,</u>	Lawing, 3/2, yfir 12 cm		4.000
<u>Sitkagreni,</u>	Homer, 2/2/2, yfir 12 cm	500	
"	MacLeod, 2/3 & 3/2, yfir 12 cm	1.800	
"	Seward, 2/3, yfir 12 cm	3.300	
"	Óviss uppruni, 2/2/2, yfir 10 cm	1.000	6.600
	Alls	103.000	

Svo sem tæflan hér að ofan sýnir, virðist niðurstaða talningar s.l. haust benda til eilítið skárra útkoru á næsta vori en var s.l. vor.

Að öllu skaplegu hefði plöntufjöldinn á þessu vori átt að verða miklu meiri. Að þessu sinni er aðalorsök hinnar slæmu útkomu kunn: gífurleg vanhöld, sem hafa orðið í Miðreitnum á dreifplöntum þar frá vorinu 1954. Það vor purfti að dreifsetja þar meiri hlutann af greniplöntum stöðvarinnar, þar eð annars staðar var ekki

pláss í græðireitnum. Niðið af þessum reit er gömul mómyri, og reynslan hefir sýnt, að fræmraðla er allsendis ónóg, en ða verður að beta úr því í vor, þegar reiturinn losnar að mestu.

V. Gróðursetning.

Gróðursetning í skóginum hér hófst 4. júní og lauk 7. júlí. Ekki var verkini þó haldið áfram sleitulaust allan þennan tíma - af óviðráðanlegum ásteðum, og einnig var á þessu tímabili unnið við að leggja lím í rastir á gróðursetningarsvæðunum, þar sem þess þurfti. Tafla VIII sýnir fjölda plantna, sem gróðursettar voru, tegundir og gróðursetningarsvæði.

Tafla VIII. Gróðursetning á Hallormsstað 1956.

Tegundir og staðbrigði	Lýsis-höll neðan.	Neðan við Seylu	Ofan við Mörk	I Mörk- inni	Alls
<u>Birki</u> , Bæjarstaður, 3/2	-	100	-	-	100
<u>neynir</u> , 2/2/2	-	40	316	-	350
<u>Alaskahinki</u> , Lazy Mount. 2/2	-	40	-	165	205
<u>Grælri</u> , Boxbacka, Finnl 2/0	150	-	-	-	150
<u>Síberíulerki</u> , Raivola, 2/2	2.280	-	-	-	2.280
" Hakaskoja, 2/2/1	275	-	-	20	295
" Arkangelsk, 2/4	-	110	-	-	110
<u>skógarfura</u> , Troms dalir, 3/0	-	10	-	-	10
<u>Brodd- og blágreni</u> , Colo. 2/3	2.255	25	-	-	2.280
<u>Hvítgreni</u> , Moose Pass, 2/3	1.345	10	-	-	1.355
<u>Rauðgreni</u> , Rana, 2/2/2	40	25	-	-	65
" Trysil, 2/2/2 ...	4.640	-	-	-	4.640
<u>Sitkagreni</u> , Homer, 2/3	450	-	-	-	450
" Reward, 2/3	440	10	-	-	450
" Öviss uppr. 2/2/2	1.105	-	-	-	1.105
<u>Evrópulerki</u> , Boxbacka, F. 3/0	500	-	-	-	500
Frá Kristni Guðsteinssyndi:					
<u>Síberíuhinur</u>	-	-	-	100	100
Frá forseta Islands:					
<u>Thuja koraiensis</u> , Mustila, F.	-	-	-	25	25
<u>Abies sibirica</u> , Mustila, F.	-	-	-	25	25
<u>Pinus cembra</u> , Mustila, F.	-	-	-	25	25
Alls	13.480	370	310	360	14.520

Að magni til er þette fívið minni gróðursetning en ákveðin var á skógarvarðafundinum, en skipting tegunda eilmjög önnur. Eftirfarandi ásteður liggja til þess:

Eins og áður var frá sagt, brást Raivola-lerkið mjög. Og því miður urðu vanhöld mikil á því eftir gróðursetningu, þótt á því væri byrjað og mjög vandað til verksins, t.d. notuð gróðurmold með hverri plántu.

Ekki var gert ráð fyrir að gróðursetja neitt sitkagreni, en þar sem allmiklar toppskemdir voru sýni, var ákveðið að gróðursetja hér toppskemdir plöntur. Þá var gróðursett meira af brodd- og blá-greni, en minna af hvítgreni, þar eð hið síðastnefnda var farið að vaxa svo mikil - og eru 2.200 plöntur eftir af því í græðireitnum. Loks var gróðursett meira en áætlað af Trysil-rauðgreni.

Varðandi gróðursetningarsvæði skal tekið fram, að það, sem hér að ofan er nefnt Lfsishóll, eru 5 misstórar spildur. Þrjár þeirra eru horn, sem orðið höfðu eftir milli eldri gróðursetningarsvæða, en tvær sterri samfellið svæði.

Reiðan vjá Seylu voru settar ýmsar tegundir, eins og taflan sýnir, og var það gert mörnum til augnayndis í framtíðinni.

Sama er að segja um gróðursetningu reyniviðarins. Nokkuð gekk af söluplöntum af II. fl. reynivið. Var ákveðið að gróðursetja þær fremur en henda þeim, þar eð ekki kom til mála að dreifsetja þær aftur.

Þá var plöntum þeim frá Finnlandi, sem forseti Islands sendi hingað, valinn góður staður neðst í Mörkinni. Var mjög vandað til þeirrar gróðursetningar og plönturnar vökvæðar nokkra daga eftir gróðursetningu. - En ~~XXX~~ útlit er fyrir, að kóreanska thujan muni ekki lífa. Skamrt þar var gróðursettur síberíupinurinn frá Kristni Guðsteinssyni og Alaskabirkjó.

Veður gat ekki talizt hagstatt fyrir gróðursetningu, meðan á henni stóð. Var oft mikil sölfar, og úrkoma í júní var lítil - kom t.d. aldrei önnur eins bjargræðisrigning og seinni hluta júní árið áður. En greinilega kom nú í ljós, að við svo óhagstæð skilyrði er vel hægt að gróðursetja greniplöntur, sem farnar eru að vaxa, því að ekki virðast teljandi vanhöld hafa orðið á greninu eftir sumarið. Og þótt ungu ársprotarnir héngju niður fyrstu dagana eftir gróðursetningu, réttu þeir sig furðufljótt aftur.

Gróðursetningin kostaði alls kr. 20.300 (vinna við að leggja lím í rastir og aksturskostn. innifalið) - eða kr. 1,40 á plöntu til jafnadár. - Ef hins vegar er athugaður sérstaklega kostnaður við að gróðursetja 8.800 greniplöntur, sem settar voru seinast í tvö stærstu og samfelliðstu svæðin, verður útkoman 1.07 kr. á plöntu. Hér var þó búið að ráða lími á nokkrum hluta svæðanna. En þessi niðurstaða er alveg samhljóða því, sem ~~XXI~~ hliðstæð athugun í fyrra leiðdi í ljós.

VI. Byggingar.

A árinu var sáralitið unnið við byggingar staðrins. Settur var ofn í suðurherbergið á loftinu í Mörkinni, og stækkaðar voru svo dyrnar á gamla járnskúrnum, að hægt er nú að aka Ferguson-dráttar-vélinni þar inn til geymslu. - Þá má geta þess, að smíðaðir voru 3 vandaðir tjaldbotnar úr timbri, þar eð fyrirsjanlegt er, að piltar þeir, sem hér starfa í vorvinnunni, verða að liggja í tjóldum, enda létu þeir hið bezta yfir því, þegar þeir höfðu fengið hina nýju tjaldbotna.

Fyrir vorið verður nauðsynlegt að mála verkafólksbústaðinn innan og gera hann að ýmsu leyti vistlegri en nú er.

I þessum kafla má að lokum geta þess, að s.l. vor fékk skógar-vörður til afnota 3 samliggjandi herbergi í kjallaranum í Seylu, búsi Hrafns Sveinbjarnarsonar. En þóur hafið hann haft ráð á 2 herbergjum í húsinu, sínu á hvorri hæð, ásamt geymsluplássi á héalofti.

Nú var innréttar eldhús í einu kjallara-herberginu, gólf lögð með dík og tarkettí og íbúðin málud að mestu. Nokkrar lagfæringar eru

þó enn eftir.

Alls hefir þessi innréttning kostað um 31.500 kr., og er allmiklu meira en sætlað var.

VII. Jarðýtan.

Um mánaðamót júlí-Agúst var CLETRAC-jarðýta skógræktaðarinnar flutt hingað frá Vöglum. Var hún strax látin vinna hér nokkuð. Ekki mætti þó tanara standa, að tekist að ljóko híru alltanauðsynlegasta, er annar spansleðinn brotnaði. Var þá ekki um meiri vinnu að reða, fyrr en skipt hefði verið um þennar blut. Einnig virtist vélín undir það síðasta vera örðin mjög kraftlítill.

Ejnum mánuði síðar var sett ótanum af sömu gerð, sem keypt hafði verið á Kópaskeri. Flutning á háðum ýtunum tók að sér maður héðan úr sveitinni fyrir alls 5.000 kr., sem er alveg ótrúlega lågt verð.

Þegar er komið í ljós, að kaupin á ýtunni frá Kópaskeri hafa verið afarhagstæð. Skal nú stuttlega greint frá, hvað nothaft virðist vera í henni:

Beltakeðjur eru svotil óslitnar og beltaspurnur geta enzt til nokkurra mánaða notkunar. - Óljudela og -gangráður eru í góðu lagi, ennframtur spíssar. - Beltarúllur eru flestar góðar, einnig fram- og afturhjóli. - Ásteða er til að ætla, að tannhjólakassi sé í góðu lagi, einnig tengsli. - Spansleðar eru ósprungnir og í góðu lagi. - Ásteða er til að ætla, að vélarblokki, sveifarás og hedd sé allt nothaft. Hins vegar munu slífar og stímplar í vél vera ónýtt.

Í haust vildu Vegagerð ríkisins og verktekar við Grímsárvirkjun fá ýtuna leigða hjé okkur. Var þá spansleði tekinn úr Kópaskersýtunni og settur í hena. Þn með öllu reyndist þá ógerlegt að koma vélinni í gang, þrátt fyrir mjög ítrekaðar tilraunir. Þótti sýnt, að vélin veri örðin of óþótt til að geta talizt í nothafu ástandi. Var hún svo tekin úr ýtunni og flutt á bifreiðaverkstæði í Tunguhaga. Hefir komið í ljós, er hún var tekin upp í haust, að skipta þarf um stímpla, slífar og legur. Hins vegar er sveifarás í lagi.

Þá hefir Kópaskersýtan verið rifin í sundur, nema tannhjólakassi og tengsli, og gangið frá hlutum úr henni, svo að þeir séu til taks sem varahlutir í hins, ef að þarf að halda.

Heð flutningi á háðum ýtunum norðan úr landi hefir þetta allt kostað um 11.300 kr.

Svo virðist sem hegt munji að fá dálitla vinnu fyrir jarðýtuna, ef tekst að koma henni í svo gott lag, að gangur verði nokkuð öruggur, því að enn er skortur á jarðýtum hér eystra.

VIII. Veggagerð.

Þegar hefir verið drepið á, að akfer vegur var ruddur frá Bjargseli að Hálsbliði. Einnig hefir verið lýst vegagerð f Nörkinni. Annað varð ekki aðhafzt í vegagerð hér í skóginum, ~~KKK~~ en nokkuð hafði verið fyrirkugað í því efni, ef jarðýtan hefði ekki bilað.

- En ventanlegas verður hegt að gera þeim mun meirs á næsta ári.

Vegagerð ríkisins vann á árinu fyrir allt það fé, sem veitt var á fjárlögum til Skógvægar, að vegagerð í landi skógræktaðarinnar:

Í vor leið var malborinn vegarkaflan frá Dýási að Kliftjörn. Þá var í haust steypt renna á Lerlingará við Nörkina og allhár vegur gerður þar í kvosinni. Þn eftir er að bækka þann vegarspotta nokkuð

og malbera. Ær að þessu hin meðta samgöngubót, því að vegurinn yfir Kerlingarána var vegast sagt hvimleisjúr og iðulega ófær að vetrarlagi, og þannig oft illmöglegt að ná viði á bílum úf Innskóginum.

Þess má geta, að yfirverktjóri vegagerðarinnar, Egill Jónsson, létt þetta verk ganga fyrir að Áeggjan okkar. Hefir samvinna við henn verið hin ánegjulegasta. Og þess er skyldt að geta, að hann gengur ríkt eftir við undirmenn sína, að landi sé ekki spilt að óþörfu, begar vegir eru hlaðnir, og letur ganga snyrtilega frá nýjum vegum, en slikt þekktist ekki, áður en hann kom. Við vegagerð hér í skóginum hefir hann og undirmaður hans á þessu sveði, Helgi Gíslason, virt í hvívetna óskir okkar, að því er varðar að forðast óparfa jarðrask.

Eg læt þessu getið hér í tilefní af umdeðum á síðasta aðalfundi Skógræktarfélags Íslands um vegagerðina.

IX. Framræsla í skóglendi.

Þegar jarðýta rektunarsambandsins fór hér yfir í sumar og hafði meðferðið svonefndan "skerpiplög", var hún látin rista plógför með tæki þessu í nokkur mýrarsund hér í skóginum og mýrarnar í gömlu hostagirðingum sunnan við beinum. Er þessum skurðum etlað eða nái meða yfirborðsvatninu og vera farvegur fyrir smálaki, sem renna eftir sundum þessum, ef ske kynni, að það flýtti fyrir, að birkið neði þar fóttfestu. Vist er um það, að mikill og stöðugur vatnsflaumur hefir verið í þessum skurðum nú í haust og vetur, hvort sem birkið bregður nú við eða ekki til að leggja undir sig mýrarnar.

X. Ferðir og leiðbeiningar.

Að árinu fór ég engar lengri ferðir um umdeinið. Varð enn ekki hafin gerð spjaldskrár þeirrar, sem ákveðið er að gera yfir allar skógargirðingar.

Bó skal getið þess litla, sem er:

Ið októberlok fór ég til Reyðarfjarðar og meldi fyrir girðingu þeirri, sem skógræktarfélagið þar hyggst koma upp. Ær landið þar, sem þeir hafa fengið til umræða, á margan hátt fallegt, en helzti gallinn er, að snjóþyngsli munu vera þar mikil á köflum.

I byrjun nóvember fór ég ásamt Ágústi Árnasyni í Eiða, að beiðni skólastjóra þar, til að athuga ástand skógargirðingarinnar þar, en hún þarfnaðast nú allmikilla endurbóta, þó ekki eins og skólastjóri hafði ætlað.

Skömmu síðar fór ég að Miðhúsum í Ríðabinghóf að athuga skóglendið þar og aðstæður til friðunar, ef til kemí. Er skemmt frá að segja, að land var þar mjög álitlegt til skógræktar, nýgreiningur mjög mikill og í góðum vexti, þótt meiri búskapur hafi verið rekinn þar undanfarin ár en lengi. En núverandi ábúandi er mikill dugnaðarmaður, sem ekki byggir á vetrarbeit, og mun það riða baggamuninn.

Loks er þess að geta, að í haust hefi ég farið margar ferðir í Eyjólfssstaðaskógi, þar eða ég hefi séð um endurnýjun á girðingu Skógræktarfélags Austurlands, sem hafizt var handa um í septemberlok. Hefir þetta reynzt miklu umfangsmára verk en ætlað var í fyrstu, því að þarna þarf mjög vandaði girðingu, sakir geysilegra snjóþyngsla á köflum.

XI. Trjámelningar o. f.l.

I febrúar var Guttormslundur meldur, og vísast til skýrslu, sem þá var send um niðurstöður þeirrar melingar.

I haust voru gerðar melingar á ýmsum erlendum trjátegundum, sem hér hafa verið gróðursettar, og um niðurstöður þeirra vísast til skýrslu, dags. 6. des. s.l.

Að landmælingun var ekkert unnið á árinu. Þess má hins vegar geta, að tekmar voru í annað sinn loftljósmyndir af skóginum.

Ekkort var unnið að reitaskiptingu skógarins á árinu.

XII. Sitt af hverju.

Nikill ferðamannastraumur var hingað á sumrinu. Eins og áður leiðdi af því, að allmíklum tíma var varið til þess að sýna ferðamönnum Mörkina og ýmsar gróðursetningar. M.a. voru margir ferðamanna-hópar. I einum slíkum hópi var Páll Guðjónsson, trésmiðameistari úr Reykjavík, með starfsmenn sína. Þessi hópur bað um leiðsögumann til að sýna sér hið markverðasta í skóginum. Þeim svo um skógin. Ær ég kvaddi hópinn eftir að hafa sýnt þeim Guttormslund, afhentí Páll Guðjónsson mér 500 kr., og kvaðst með því vildi sýna þakkið sitt og þeirra félaga fyrir það, sem þeir hefðu séð, og jafnframt sýna hug þeirra til þeirrar starfsemi, er þeim virtist hafa borið svo góðan ávöxt. Þeig segði honum, um leið og ég þakkaí, að Landgræðslusjóði myndu afhentir þessir peningar.

Hingað til hefir enginn þakkað svo reusnarlega fyrir sig, né sýnt starfseminni viðurkenningu á þennan hátt. - Raunar hafa ýmsir einstaklingar boðið borgun fyrir leiðsognina, en aldrei tekið fram, að hún etti að renna til skógræktarinnar. - Óþarfi atti að vera að taka fram, að slík borgun hefir aldrei verið begin.

Ég get ekki stillt mig um að segja frá öðru smáatviki: Fyrir jólin keypti Guðleifur Guðmundisson, trésmiður frá Reykjavík, sem vinnur við Grímsárvirkjun, af okkur lítið jólatré. Kvaðst hann aldrei fyrr hafa keypt jólatré, þar eð Hann vildi ekki útlend. Um leið og hann greiddi tréð, afhentí hann mér jafnvirði þess til Landgræðslusjóðs.

Óvenjumikið kom hingað af erlendum gestum á sumrinu. Skulu þeir greindir, sem við sýndum um skógin.

12. júní kom Kanadamaðurinn John Walker og kona hans í fylgd með Baldri Þorsteinssyni. Dvöldust þau hér heilan dag.

I byrjun júlí kom séra Halldor Hope frá Ytre-Arna og kona hans og voru í fylgd með skógræktarstjóra.

Um miðjan júlí kom enskur maður, Len Chappel, og kona hans. Hann var hér eystra á vegum Flugfélags Íslands hf., og kvað vera háttsettur maður hjá öðru stóra brezka flugfélaginu. Hann virtist vera mikill áhugamaður um trjárékt.

Um miðjan égúst kom sianskur grasafræðingur, Gunnar Degelius, dósent frá Uppsölum. Hann var hér hluta úr degi að leita að skófum í skóginum.

2. september komu hundasérfræðingarnir tveir frá Skotlandi og Kaliforniu, sem voru að leita að hreinréktuðum íslenskum hundum. Þeir spurðu mjög margs um skógræktarmál okkar.

9. september komu rússnesku prófessorarnir Njesterov og Ivanov, Ásatn Sjumilov frá VOKE, í fylgd með skógræktarstjóra og dvöldust hér heilan dag.

17. september, sem var einn fegursti dagur sumarsins, kom hinn

kunni senski samvinnufrömuður, Thorsten Ohde, og kona hans.

Síðar sama dagkomu tveir franskir kvíkmyndatökumenn, Marcel Hanoun og Daniel Kostovetzky, er tóku hér kvíkmyndir fyrir franska sjónavripið. Voru þeir ákaflega hrífnir og ábregðir með bað, sem heir gátu kvíkmyndað í Würkinni. Þeir kváðu 40 milljónir manna myndu sjá þessar myndir. Þeir skrifuðu hjá sér upplýsingar um meginatriði í íslenzkri skógrekt til að nota í skýringartexta.

Loks er þess að geta, að 2. júlí kom hingað Clemenz Kr. Kristjánsson á Sámsstöðum til þe ss að líta á aðstæður til kornrektar á Ormsstöðum. Vissulega leizt honum ágætlega á staðinn til beirra kluta, en taldi landrými hins vegar of lítið til þess að fært veri að raka kornrekt sem sjálftæða grein. Nið litla svæði myndi ekki geta borið uppi fjárfestingu við nauðsynleg áhaldakaup og byggingar.

Í árinu hefir verið reynt eftir því, sem frekast var kostur hvorju sinni, að halda sér í starfseminni að kostnaðaráætlun skógarvarðafundarins. Þetta hefir tekist misjafnlega. Í einstöku greinum tókst að halda sig innan ramma hins ástlaða kostnaðar. Í öðrum var hann sprengdur misjafnlega mikið, og hafa ástæður til þess verið rektar hér á undan, að því er varðar sumar liði. Í heild hefir verið farið dálitið fram úr áætlun, en vart bó meira en búast mátti við, miðað við hekkanir, sem urðu á kaupgjaldi og verðlagi.

Hallormsstað 17. janúar 1957

Egertús Blöndal.